

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2015, Glerárvirkjun.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. október 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar, frá 4. september 1998.

Breytingin felst í að innan verndarsvæðis við Glerá er skilgreint iðnaðarsvæði vegna endurbyggingar Glerárvirkjunar. Jafnframt færast mörk verndarsvæðisins út fyrir lóð íbúðarhússins Sólvangs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 6. október 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.